

Nd.

107. Frumvarp til laga

[87. mál]

um breyting á lögum nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

1. gr. laganna hljóði svo:

Hlutverk lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita íslenskum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, kennaradeild stúdenta, framhaldsdeild og menntadeild Kennaraskóla Íslands, fyrsta hluta Tækniskóla Íslands, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frv. þessu felst sú breyting á lögum um lánasjóð ísl. námsmanna, að nemendur í kennaradeild stúdenta, framhaldsdeild og menntadeild Kennaraskóla Íslands og fyrsta hluta Tækniskóla Íslands verði meðal þeirra, sem láns og styrks geti notið úr lánasjóðnum, enda er hér um að ræða nemendur, sem hafa að baki námsferil, sem svarar til náms á fyrsta ári í Háskóla Íslands, við erlenda háskóla og við erlenda tækniskóla. Breytingin gefur ekki tilefni til annarrar röskunar á bókstaf gildandi laga, þar sem eigi þykir ástæða til þess að breyta af þessu tilefni tilhögun þeirri um skipan stjórnar sjóðsins, sem 3. gr. laganna gerir ráð fyrir.